

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Þá er skammtstofun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: S:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf: Vestfirir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:
	dagur, mánuður, ár	
02-044 N.v. Siglfjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði		03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði		03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá		03
02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð		02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun		02
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu		02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur		02
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005		02
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhryggur		02
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
02-093 N.ey. Vegslóði að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu Nytt á lista	14.10.02	28.10.02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Vatnsdalsá (Hnausakvísl) forsteyptar einingar 2002-2003	14.10.02	28.10.02
02-092 Sl. Biskupstungnabraut (35) um Laugaá	14.10.02	28.10.02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	14.10.02	04.11.02
02-084 Vl. Hringvegur (1), hringtorg við Snæfellsnesveg	07.10.02	21.10.02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð	30.09.02	14.10.02
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá	02.09.02	30.09.02
02-090 Vl. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2005	16.09.02	30.09.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	16.09.02	30.09.02
02-087 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Rangárvallasýslu og vesturhluta Vestur-Skaftafellssýslu	09.09.02	23.09.02
02-089 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu	09.09.02	23.09.02
02-086 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skúfur - Þverá 2002	09.09.02	23.09.02
02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, austurhluti	12.08.02	26.08.02
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
01-122 Veggöng 2002 - Forval <i>Niðurstöður forvals voru birtar í 33. tbl.</i>	24.06.02	

Gæðanámskeið Samtaka iðnaðarins fyrir verktaka

Mikið hefur verið ritað og rétt um gæðáttak í tengslum við þjónustu verktaka og oftsinnis verið farið af stað með ýms konar átaksverkefni í þeim tilgangi að bæta rekjanleika vinnuferla og samskipta á milli verkkaupa og verktaka. Fæst þessara verkefna hafa skilað tilætluðum árangri, en enn á ný er blásið til sóknar í þessum málum.

Samtök iðnaðarins hafa á undanförunum árum unnið að gæðamálum með ýmsum hópum innan sinna raða. Til þess að þoka þeim málum enn frekar áleiðis og auka sameiginlegan skilning verktaka og verkkaupa á gæðastjórnun hafa samtökin óskað eftir samstarfi við stærstu opinberu verkkaupana. Þessir aðilar töldu frumkvæði samtakanna mjög gott og þarft og því var þetta auðsött mál. Neðangreindir verkkaupar hafa verið að vinna að sameiginlegum markmiðum og áhersluatriðum til þess að ljóst megi vera hver stefnan muni verða á næstu árum í gæðamálum og hvaða kröfur verði gerðar til verktaka í þeim efnum. Þeirri vinnu er ekki lokið en eftirtalin þrjú atriði eru meðal þeirra atriða sem rétt hefur verið um:

1. Verkkaupar munu innan fárra ára gera kröfu um að verktakar í öllum helstu og stærstu verkum hafi gæðakerfi er byggist á ISO-staðlinum 9001:2000.
2. Mikilvægt er að verktakar geri sér grein fyrir að ekki er hægt að kaupa fullbúin gæðakerfi eða gæðahandbækur af öðrum aðilum. Hvert og eitt fyrirtæki verður að byggja slíkt upp innan síns eigin fyrirtækis.
3. Neðangreindir verkkaupar munu, að svo miklu leyti sem hægt er, samræma kröfur til verktaka í gæðamálum.

Opinberir verkkaupar eru í auknum mæli að innleiða gæðakerfi í sinni starfsemi. Við það gangast þeir m.a. undir kröfur um rekjanlegt mat á birgjum og verktökum. Þar af leiðandi er ljóst að gerðar verða kröfur um rekjanleika vinnuferla og gæðakerfi hjá helstu viðskiptavinum þeirra, m.a. hjá ráðgjöfum og verk-tökum. Það skal þó tekið fram að hér er um langtíma samstarfs-verkefni að ræða, þar sem að allir aðilar gera sér fulla grein fyrir því að innleiðing gæðakerfa og síðar e.t.v. kröfur um vottun munu þurfa að haldast í hendur hjá aðilum markaðarins.

Þeir aðilar sem komið hafa að undirbúningi þessa námskeiðs eru: Vegagerðin, Landsvirkjun, Siglingastofnun, Gatnamála-stjóri, Orkuveita Reykjavíkur, Framkvæmdasýslaríkisins, Fast-eignastofa Reykjavíkur og Innkaupastofnun Reykjavíkur-borgar.

Síðasta námskeið var haldið þann 10. október og þátttaka ræð-ur síðan framhaldinu.

Munið vinnustaða-merkingarnar



Framkvæmda- fréttir 35. tbl. /02

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði 02-078

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi óskar eftir tilboðum í tvöföldun Reykjanesbrautar á 8,6 km löngum kafla frá Hvassahrauni á Strandarheiði ásamt byggingu mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg og tengingum við þau. Boðnar eru út tvær útfærslur á slitlagi Reykjanesbrautar með malbiki eða steinsteypu.

Helstu magntölur: bergskering 97.000 m³, neðra burðarlag 88.000 m³, efra burðarlag 30.000 m³, tvöföld klæðing 48.000 m², malbik á aðreinar, fráreinar, og vegamót 27.000 m², slitlag á Reykjanesbraut malbik eða steypa 64.000 m², mótafletir 2.500 m², slakbennt járnalögn 139 tonn, spennt járnalögn 23 tonn, steypa í vegamótabyr 860 m³.

Verki skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 15. október 2002. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 4. nóvember 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vegslóði að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu 2002 02-093

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, fyrir hönd Landsvirkjunar, óskar eftir tilboðum í gerð vegslóða að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu 2002, samtals um 3,0 km.

Helstu magntölur: jöfnun undirstöðu vegslóða og borplana 20.900 m², fylling 15.200 m³, neðra burðarlag 1.600 m³, frágangur fláa 4.100 m².

Verki skal að fullu lokið 15. desember 2002.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 15. október 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 28. október 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Biskupstungnabraut (35) um Laugaá 02-092

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í endurbýggingu Biskupstungnabrautar (35) á um 1,2 km löngum kafla um Laugaá.

Helstu magntölur eru: fylling og fláafleygar 20.300 m³, skering 1.400 m³, neðra burðarlag 5.700 m³, efra burðarlag 1.500 m³, stálroraræsi 140 m, skurðir 1.900 m, tvöföld klæðing 9.000 m², girðingar 800 m.

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 14. október 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 28. október 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hringvegur (1), brú á Vatnsdalsá (Hnausakvísl), forsteyptar plötur 02-009

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi vestra, óskar eftir tilboðum í framleiðslu og flutning á forsteyptum plötum fyrir brú á Vatnsdalsá (Hnausakvísl) hjá Hnausum í Austur-Húnavatnssýslu.

Helstu magntölur: fjöldi platna 59 stk., þyngd platna 249 tonn, slakbennt járnalögn 15.400 kg, steypa 99,6 m³.

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 28. febrúar 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 14. október 2002. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 28. október 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 35. tbl. 10. árg. nr. 318 14. okt. 2002

Ritsjórn og umsögn útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.